

**Samningur um Evrópska  
efnahagssvæðið**

**Sameiginlega EES-nefndin**

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**

**nr. 19/97  
frá 24. mars 1997**

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/95 frá 18. júlí 1995<sup>(1)</sup>.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/51/EB frá 7. nóvember 1994 um aðlögun að tækni framförum á tilskipun ráðsins 90/219/EBE um einangraða notkun erfðabreyttra örvera<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í 24. lið (tilskipun ráðsins 90/219/EBE) í XX. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með :

- 394 L 0051: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/51/EB frá 7. nóvember 1994 (Stjtið. EB nr. L 297, 18. 11. 1994, bls. 29).“.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 251, 3. 10. 1996, bls. 43 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 45, 3. 10. 1996, bls. 78.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 297, 18. 11. 1994, bls. 29.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 94/51/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. apríl 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 24. mars 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður

C. Day

Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner